

Vitnisburðurinn um Krist.

*„Þessi afvegaleiðir alþýðuna,
bannar að gjalda keisarannum
skatt og segist vera konung-
ur.” LÚK. 22. Kap. 4. v.*

Frá þeim tíma að kenningar Meistarans frá Galilea útbreiddust, var ekkert er hin nýstofnaða kirkja lagði meiri áherzlu á en vitnisburðurinn um höfundinn sjálfan. Spurning Jesú, er hann í ögrandi orðum spurði Fariseana að í Jerúsalem: „Hvað virðist yður um Krist, hvers son er hann?” varð stóra spurningin og er það jafnvel til þessa dags.

Byskuparáðið til forna lagði rétrúnað og vantrúnað við það svar, eftir því hverju menn svöruðu til.

Er maður flettir upp á sögunni, og sér minst á þessari öldinni eða hinni á flokk manna, er nefndir eru Heratíkar eða Sértrúarmenn, er það út af vitnisburði þeirra um Jesú. Á þessum tíma aðgreinir orþodoxa kirkjan alla þá frá, er annan vitnisburð bera um hann en hún. Mönnum getur komið saman um hvað felist í kenningum hans, hverja þýðingu þær hafi fyrir siðfræðina og göfgun mannlegs hugarfars. En leiðirnar skiftast altaf út af persónunni og hinni sögulegu afstöðu hans við samtíðina. Það er út af vitnisburðinum um Jesú, að skiftingin er jafn margvísleg í kirkjunni og að vér Unítarar erum nefndir vantrúarmenn, af því vér berum vitni um þenna mann, öðruvísi en miðalda kirkjan.

Ef vér setjum til síðu öll Apokrífsku ritin frá fornöld kristinnar, og förum að dæmi fornkyrkjunnar í því efni, eins og t. d. Barndómssöguna, Marju-guðspjall, Nikodemusar-guðspjall og ótal fleiri, þá verða elztu heimildirnar um Meistarann er nú finnast skráðar, þau fáu orð sem finnast í bréfum Páls um Jesú, og það sem um hann er talað í riti því er fanst, ekki alls fyrir löngu og nefnt er „Didache”, eða „Kenning þeirra tólf”. Báðar þessar